

**Sp.**

**1251. Breytingartillaga**

**[383. mál]**

við till. til þál. um upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingarmál.

Frá atvinnumálanefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipuleggja og hrinda í framkvæmd því verkefni að efla upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingarmál til almennings og aðila í byggingariðnaði. Slík upplýsingamiðlun gæti t. d. orðið með eftirtöldum hætti: Útgáfu handbóka, námskeiðahaldi og söfnun tölvutækra gagna. Hafa skal samráð við eftirtalda aðila: Upplýsingaþjónustu Rannsóknaráðs, Byggingarþjónustuna, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Reiknistofnun Háskóla Íslands, Iðntæknistofnun, Húsnæðisstofnun ríkisins og Landssamband iðnaðarmanna.